

Um íslenskuna – pistill 3. jan. 2017:

Ætti að leggja íslenskuna niður? Forsætisráðherra snart í mér viðkvæman streng í áramótaávarpi sínu. Hann fjallaði þar m.a. um lífslíkur íslenskunnar. (Gerði mig næstum því að Framsóknarmanni.)

Ég hef átt marga snerruna um tunguna blessaða og reyndar oft vafist tunga um tönn um efnið. Ég hef hvergi farið í launkofa með aðdáun mína á íslenskunni. Hún er fágætt tjáningartæki og enn svo föst í reipunum, að „hún bregst enn ókvæða við“ breytingum eða skemmdartilburðum, steytir þeim frá sér. „Hvers vegna ætti að leggja rækt við tungu, sem örfáir tala“? „Tungan er lifandi og breytist óhjákvæmilega.“ Algeng viðkvæði í umræðunni. Svárið við seinni spurningunni er að sjálfsögðu jákvætt. Það á við umgjörð hennar, framburð og orðaforða. Til að mynda; því er orðið í framburði að þí (ruglingur við þý gæti átt sér stað); menn eru ekki lengur í hópi, heldur í hóp; allt í einu var hætt að skipta um, en farið að skipta út. Sé skyggst lengra um öxl má sjá skringileg tökuorð eins og „peysa“ („peysan,“ sem merkir bóndi á frönsku), klósett (afbökun úr „water closet,“ sem merkir „vatnsskáp,“ á ensku), jeppi (jeep á amerísku), klúbbur (club á ensku sem merkir félagsskap eða umgjörð hans), sport (íþróttir) og skáti (scout eða njósnari á ensku). Svona mætti lengi upp telja til fróðleiks og skemmtunar.

Áhyggjur af tungutaki landsmanna eru ekki nýjar af nálinni. Upp úr þar síðustu aldamótum (1907), fórust Bergsteini Sveinssyni svo orð í Skinfxa í umræðu um þróun íslenskunnar: Staðhæft var, að málið væri orðið of rýrt í roðinu til að það mætti nýtast við lestur á fornsögunum. „Hvarvetna skín út úr sögunum skarpskyggni og dulspeki, brennandi ættjarðarást ... enn fremur hrein þjóðræknistilfinning og sístarfandi framtakssemi. Í stuttu máli mælt var göfuglyndið og drengskapurinn þjóðareinkennið.” (Bls. 31-32.) Og hann heldur áfram: „Hvað höfum vjer þá fengið í þess stað? Áhuga fyrir óhollum og andstyggilegum erlendum skáldsögum, sem vanalega eru þýddar á afskræmt og bjagað mál. Að launum hefir svo lesandinn viðbjóðslegar, svívirðilegar og lognar skuggamyndir hvílandi á sál sinni.” (Bls. 33.) Hér er djúpt tekið í árinna. Snilldarþýðingar á fræðiritum og skáldverkum hafa komið út á síðustu öld – auk frumsaminnar verka vitaskuld.

Á síðustu öld var íslenska í þéttbýli verulega dönskuskotin. Dönum var um það bil að takast það hernám hugans, sem Bandaríkjamönnum og Englendingum tekst trúlega innan fárra áratuga. Því er verr og miður. Þá tókst með skipulegu andófi, kynntri öfgafullri þjóðerniskennd, að snúa vörn í sókn. Síðan hafa mikilvægir varnarsigrar unnist. En nú er við margfalt rammari reip að draga. Það er alkunna og því óþarfi að ræða það í þau. Orðfæri foreldra og kennara er almennt skotið orðum og hráum þýðingum úr kvikmynda- og tölvuleikjaamerísku. Þetta á einnig við um fjölmiðlafólk upp til hópa, þótt unaðslegt tungutak megi heyra úr munni einstaka manns. Merkur kennari á Akureyri nefndi til sögunnar „þvagrásir“ í fjölmiðlum og átti þá við enskuskotið síbyljukjafæði, orðræpu og tilgerðarlegt orðfæri á rásum fjölmiðlana. RÚV ætti að skara fram úr. En það er vandheyrt. Reyndar heyrst á þeim vígstöðvum oft og tíðum skelfilegt klúður: „Að vera í öðru tímabelti, en tíminn segir til um,“ „að vera útsettur fyrir,“ „annar eigandi (af tveim),“ „að verðmæti þúsund

krónur,“ „að taka leiksýningu til kostanna“ (leggja hross á skeið) og þar á bæ er stöðugt verið að „fara yfir.“ (Hvílík fátækt!!)

Þýðendur sjónvarpsefnis eru ærið misjafnir, sumir þýða prýðilega (t.d. Haraldur Jóhannesson), aðrir eru ófærir um starf sitt. Ritúal, míta, elíta, partí, rúína, dramatískur (eitt fárra lýsingarorða, sem íþróttamenn eiga í fórum sínum), svo lengi sem (as long as), á sama tíma (at the same time)“ og fleiri þess háttar, þykja góð íslenska þar á bæ.

Orðsnauðir veðurfræðingar virðast eitt aðalsmerkja RÚV. Sumir þeirra stama, stauta og hiksta. Orðfærið er snautlegt. Lægðirnar dæla lofti (eru reyndar sjálfar loft) og „nokkuð“ verður kaldara í dag, en í gær. Lýsingarorð eru þeim ótöm.

Sál- og svefnspekingur RÚV taldi það þjóðráð að „fara vel yfir rúínuna,“ svo „ekki krassaði á ný.“ (Og vildi láta okkur stara í ljós um hálf tíma á dag til að bæta svefn.)

Málfátæktin á sínar skondnu hliðar. Í hittiðfyrra sat ég tíma í HÍ hjá kennara, sem rakst svo orð á munn: „að slá varnagla við“ (myndlíking; reka nagla í eða festa hlífðarjárn á tréhjól – sýna fyrirhyggju). Þá hváði við undrunaróp við úr salnum. „Hvað merkir það, nú?“ Svipaða reynslu (t.d. merking hugtaksins, þýlyndis) gerði ég reyndar margsinnis í þeirri menntastofnun. Tæknimaður Símans bað mig um að „slá inn númer.“ (Ég bað hann af því tilefni um barefli.) Forsvarsmenn Útilífs geta með engu móti beygt heiti fyrirtækisins. Arionbanki býður kort „án tengingu“ við reikning. FÍB „óskar farsæld á árinu sem senn líður.“

Fyrri spurningunni er vandsvarað, þ.e. hvers vegna ættu örfáar hræður að hanga eins og hundar á roði á eigin tungumáli? Tungan geymir sérstaka reynslufjárjóði. Hún er kjölfestan í þjóðarvitundinni og að sumu leyti sjálfsvitundinni. Í henni eru fólgin menningarverðmæti. Og umfram allt er íslenskan mikilvægt tjáningartæki. Óslitin saga og rökfesta í byggingu styðja enn við skynsamlega og skilmerkilega tjáningu. Merking orða ræðst enn að töluverðu leyti af orðstofnun, uppruna og sögu. Þó eru því miður dæmi um undanhald að þessu leyti. T.d. merkir sæmilegur (það sem sómi er að) nú viðunandi, slarkfær; ágætur (ofar góðu) það sama. Þannig stjórnar almennarómur merkingu orðanna, jafnvel þótt um sé að ræða bábiljur á grundvelli uppruna og sögu. (Þannig tungutak og þannig tjáning er algeng með grannþjóðum.) Viðhald og efling íslenskunnar stuðlar að fjölbreytni. Hún er æskileg í sjálfu sér. (Væri ekki gaman að sjá geirfuglinn aftur við strendur Íslands?)